



## Fundargerð hreppsnefndar 30. ágúst 2018

Fundur nr. 6 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopafjarðarhrepps fimmtudaginn 30. ágúst 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl 16:00.

Mætt til fundar: Sigríður Bragadóttir, Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Teitur Helgason, Bjartur Aðalbjörnsson og Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

Einnig mættir Þór Steinarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

Við upphaf fundar óskaði oddvi að taka inn eitt mál með afbrigðum, bréf frá sýslumanni á Austurlandi viðvíkjandi umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar, sem h. lið undir almenn mál í dagskrá. Samhljóða samþykkt.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir

a. Menningarmálanefndar 17. ágúst 2018

Ræddur var 1. tl. í dagskrá og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að vísa málinu til næsta fundar sveitarstjórnar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. Skipulags- og umhverfisnefndar 22. ágúst 2018

Samhljóða samþykkt að fresta umræðu um 1. og 2. tl. til næsta fundar sveitarstjórnar sem haldinn verður 06.09. nk. Sveitarstjóra falið að senda deiliskipulagsgögn á alla fulltrúa í sveitarstjórn í aðdraganda fundar. 3. tl. Samhljóða samþykkt að vísa umsögninni til ráðgjafa til frekari vinnslu. 4. tl. samþykktur samhljóða. 5. tl. samþykktur samhljóða. Ræddur var 6. tl. í dagskrá og samhljóða samþykkt að fresta málinu til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram ásamt starfsmanni byggingafulltrúa. 7. tl. samþykktur samhljóða. 8. tl. samhljóða samþykktur. 9. tl. Stefán Grímur vék af fundi undir þessum lið. Málið samhljóða samþykkt. 10. tl. samhljóða samþykktur.

c. Landbúnaðarnefndar 09. ágúst 2018

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d. Landbúnaðarnefndar 14. ágúst 2018

Viðvíkjandi 2. tl. er sveitarstjóra falið að senda dreifibréf í hús sveitarfélagsins er málið varðar hið fyrsta. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

e. Félagsmálanefndar 27. ágúst 2018.

Leggur sveitarstjórn áherslu á að hagur Vopnafirðinga verði tryggður í endurnýjuðum samningi um félagsmál. Að öðru leyti til kynningar.

## 2. Almenn mál

a. Saga Eiðaskóla – Umsókn um styrk til menningarstarfsemi

Samþykkt með 6 atkvæðum að hafna erindinu, Bjartur sat hjá.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga – Kosning fulltrúa á fundi sambandsins í september og nóvember

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu er varðar fundi á vegum sambandsins og tengdra stofnana tímabilið september-nóvember nk. Samþykkt að fulltrúar komi sér saman um hverjir fari f.h. hvers framboðs og láti sveitarstjóra vita.

c. Finnafjarðarverkefnið - Stefán Geir Þórisson hrl. kynnir stöðu þess

Stefán Geir gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið varðandi verkefnið síðustu misseri, stöðu þess og næstu skref.

d. Stapi lífeyrissjóður – Stefán Geir Þórisson hrl. kynnir stöðu þess

Stefán Geir yfirfór stöðu máls sem nær yfir tímabilið 2005-2016. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna að málinu áfram með Stefáni Geir.

e. Rekstrarúttekt á Sundabúð – sveitarstjóri

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu. Fram fór umræða um málefni Sundabúðar og var síðan samhljóða samþykkt að fengin verði óháður aðili til að vinna að rekstraúttekt í tilefni af viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um greiðsluþátttöku. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

f. Úttekt vegna viðhalds- og nýframkvæmda við lagnir og götur innan bæjarmarka – sveitarstjóri

Málinu frestað.

g. Tjaldsvæði sveitarfélagsins – til umræðu

Málinu frestað.

h. Sýslumaðurinn á Austurlandi - Umsókn um sölu gistingar á Hótel Tanga

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá umbeðinni umsögn

### **3. Bréf til sveitarstjórnar**

a. Umhverfisstofnun – Áform um áminningu og krafa um úrbætur

Sveitarstjóri kynnti málið nánar. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram.

b. Samningur um regluvörslu – Sveitarstjóri

Oddviti kynnti málið nánar en síðan samhljóða samþykkt að færa vörsluna til KPMG.

c. Lausn frá störfum sveitarstjórnar tímabundið – Stefán Grímur Rafnsson

Stefán Grímur vék af fundi undir þessum lið. Samhljóða samþykkt að verða við ósk Stefáns Gríms um tímabundið leyfi frá störfum í sveitarstjórn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 18:45.

[Fundarboð 30. ágúst 2018.pdf](#)